

16. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 1870.
nordur- og austur-umdæminu, um útgjöld til 21. febrúar.
kornkaupa handa fátæklingum.

Um leið og þér, herra amtmaður, hafið skýrt frá, að þér hafið keypt korn fyrir 111 rd. af þeim peningum, sem til voru í búnaðarsjóðnum, til útbýtingar meðal fátæklinga í Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslum, til að sporna við því, að horuðum sköpnum yrði fargað í þeirri hungursneyð, sem yfir vofði í vor er leið, hafið þér í bréfi, 1. oktbrm. f. á., leitað samþykkis stjórnarráðsins til þessarar ráðstöfunar.

Útaf þessu skal það yður til vitundar gefið, að ekkert er því til fyrirstöðu frá hálfu stjórnarráðsins, að það standi óraskað, sem í þessu máli hefir gjört verið.

17. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 24. febrúar.
nordur- og austur-umdæminu, um skyldu manns
til að framfæra dóttur óskilgetinnar dóttur sinnar.

Eftir að stjórnarráðinu hefir borizt álitsskjal yðar, herra amtmaður, um bænarskrá, þar sem Friðfinnur Þlugaðson á Fljótsbakka skýtur til stjórnarráðsins úrskurði yðar, dagsettum 2. marzm. 1864, um að hann sè skyldur að framfæra dóttur óskilgetinnar dóttur sinnar Jakobínu Pétursdóttur, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjörrið það, að þaræð það er efalaust, að það eru lög á Íslandi, að mönnum sè skylt að framfæra annað afkvæmi en eigin börn sín, og með því að ordatiltækin í reglugjörð um fátækra málefna lögun og stjórn fyrst um sinn á Íslandi, 8. janúar 1834, 4. gr., eru svo yfirgripsmikil, að eigi virðist næg ástæða til að þýða þessa lagagrein svo, að undan taka óskilgetið afkvæmi, verður úrskurður yðar í þessu máli að standa óraskaður.